



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 141/1733
komudagur 24.2.2013

Grundarfirði, 24. febrúar 2013.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 570. mál, þingskjal 968.

Í ýmsum meginatriðum er ofangreint frumvarp óbreytt frá fyrra frumvarpi og vill bæjarstjórn því ítreka fyrri umsögn bæjarráðs Grundarfjarðar frá 23. apríl 2012, um að ekki hafi verið kannað nægilega hvaða áhrif boðaðar breytingar hafa á atvinnugreinina og byggðir landsins. Þannig er ekki ljóst hver áhrif frumvarpsins verða á atvinnulíf í Grundarfirði og í öðrum sjávarbyggðum á Snæfellsnesi, ekki síst áhrif á rekstur bæjarfélaganna og afleiðingar fyrir íbúa. Einnig er gerð athugasemd við að með frumvarpinu sé ekki lögð fram heildstæð úttekt á fjárhagslegum og/eða samfélagslegum áhrifum þess líkt og gert er ráð fyrir í 129. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Bæjarstjórn óttast að heildaráhrif frumvarpsins á afkomu sveitarfélagsins, sjómanna, fyrirtækja í sjávarútvegi og uppbyggingu fiskmarkaða, verði skaðleg.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að ráðherravald sé aukið mikið. Óviðunandi er að ein mikilvægasta atvinnugrein þjóðarinnar þurfi að búa við einhliða ákvörðunarvald ráðherra á hverjum tíma.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

1. gr.

Bæjarstjórn tekur undir þau markmið sem sett eru fram í greininni en telur þó að ekki hafi verið fullilega sýnt fram á hvernig frumvarpið muni styðja við meginmarkmiðin sem þar koma fram.

13. gr.

Bæjarstjórn telur að þessi grein sé til mikilla bóta. Greinin tryggir þó ekki að stór hluti aflaheimilda geti ekki flust úr byggðarlagi með miklum neikvæðum áhrifum á samfélagið en hún gefur tækifæri til inngrips í þeim tilfellum sem aflahlutdeildin fer yfir 20%. Bæjarstjórn styður það að aflaheimildum verði ráðstafað innan viðkomandi byggðarlags eða sveitarfélags, en varar við því að horft verði til landshluta í þessu sambandi, þ.e. ef miðað er við gömlu kjördæmin. Sem dæmi má nefna að flutningar á aflaheimildum frá Grundarfirði til Akraness yrði jafn mikil blóðtaka fyrir atvinnulíf hér og ef þær flyttust austur á firði.

17. gr.

Bæjarstjórn hefur efasemdir um að veita Fiskistofu umsjón með kvótapiþingi þar sem hennar valdsvið er eftirlit með veiðum, vinnslu og vigtun afla. Nauðsynlegt kann að vera að starfrækja sérstaka stofnun um kvótapiþing sem er óháð eftirlitsiðnaði.

18. gr.

Það er með öllu óljóst hvaða áhrif þessi grein mun hafa í Grundarfirði þar sem rekinn er kröftugur sjávarútvegur í dag. Hægt er að skilja greinina þannig að byggðarlag eins og Grundarfjörður muni ekki sitja við sama borð og önnur byggðarlög þar sem sjávarútvegur hefur farið halloka, þegar kemur að möguleikum til að sækja aflaheimildir. Einnig þarf að skerpa frekar á hvað sé nýliði samkvæmt greininni.

19. gr.

Samkvæmt greininni verður tekjum sem verða til við leigu aflamarks ráðstafað í sérstakan sjóð á vegum ráðherra. Gert er ráð fyrir að 40% verði ráðstafað til sveitarfélaga og styður bæjarstjórn þá tillögu sem fram kemur í bráðabirgðaákvæði V, varðandi nánari útfærslu. Lögð er áhersla á að horft verði til þess úr hvaða sveitarfélögum tekjur sjóðsins spretta, þegar kemur að ákvörðun um skiptingu. Jafnframt vill bæjarstjórn vara eindregið við því að þessir fjármunir fari í gegnum landshlutasamtök sveitarfélaga, komi sú leið til umræðu.

31. gr.

Bæjarstjórn Grundarfjarðar telur hér miðað við of hátt hlutfall í karfa þar sem þetta þýðir að 3 fyrirtæki gætu átt allan karfakvótann. Eðlilegt væri að hámark væri 10% í þorski og 20% í öllum öðrum tegundum, enda væri það samt hátt hlutfall.

Bráðabirgðaákvæði II og VIII.

Afleiðingar þessara ákvæða, samkvæmt útreikningum Grundarfjarðarbæjar yrðu þær að úthlutað aflamark til grundfirskra útgerða myndi minnka um 1.284 tonn, en á móti kæmu 65 tonn til aukningar í strandveiðum. Þetta er 1.219 tonna minnkun, eða 12,2% af úthlutaðu aflamarki 2012/2013 og veiddum strandveiðiafla 2012 með sömu sókn og þá. Óvíst er að grundfirskar útgerðir hefðu bolmagn til að keppa á kvótapiingi til að vinna svo stórtæka minnkun til baka.

Að lokum leggst bæjarstjórn gegn því að rækju- og skelbætur verði skertar. Slíkar bætur skipta miklu máli fyrir útgerðir sem orðið hafa fyrir skerðingum vegna hruns á hörpuskelstofni við Breiðafjörð.

F.h. bæjarstjórnar Grundarfjarðar,

 Bæjarstjórninn
Grundarfjarðar
Björn Steinar Pálmarsson
Björn Steinar Pálmarsson, bæjarstjóri